

Fjárhagsáætlun 2024

Greinargerð sveitarstjóra lögð fram við síðari umræðu í sveitarstjórn miðvikudaginn 13. desember 2023

Fjárhagsáætlun Skagafjarðar fyrir árið 2024 er hér lögð fram til seinni umræðu ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2025-2027. Um er að ræða aðra fjárhagsáætlun sameinaðs sveitarfélags í Skagafirði sem samin er frá grunni af kjörnum fulltrúum þess.


Fjárhagsáætlunin er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóða. Í B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir, Tímatákn ehf., Flokka ehf. og Eyvindarstaðarheiði ehf, auk hlutdeildarfélaganna sem koma inn í reikningskil sveitarfélagsins eftir hlutfallslegri ábyrgð sveitarfélagsins, þ.e. Norðurá bs. og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Áætlunin sýnir rekstraráætlun, áætlaðan efnahagsreikning og sjóðsstreymi fyrir sveitarfélagið, stofnanir og hlutdeildarfélög þess. Forsendur þessarar fjárhagsáætlunar er líkt og liðin ár að sýna aðhald og hagkvæmni í rekstri samhliða því að standa vörð um þá þjónustu sem veitt er.

Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 eru þær að A- og B-hluti saman, eða samstæðan í heild sinni, skilar jákvæðri afkomu upp á 434 m.kr. og veltufé frá rekstri er áætlað 870 m.kr., á meðan A-hluti er áætlaður með jákvæða rekstrarniðurstöðu upp á 245 m.kr. en veltufé frá rekstri upp á 497 m.kr.

Rétt er að minna á að vegna heimsfaraldurs kórónu-veiru var sveitarfélögum landsins veitt heimild til að víkja frá skulda- og jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025. Þegar fjármálareglurnar taka gildi árið 2026 mun jafnvægisreglan vegna fjárhagsáætlunar þess árs taka til rekstrarniðurstöðu árána 2024, 2025 og áætlunar 2026. Skuldareglan tekur mið af skuldum og skuldbindingum í lok árs 2026 og sveitarfélögin þurfa einnig að hafa hliðsjón af ákvæðum samkomulags við ríkið um að stöðva hækkun skulda eftir þann tíma. Við berum því ábyrgð á að gæta áfram aðhalds í rekstri sveitarfélagsins á komandi árum og nýta tækifæri til hagræðinga eftir því sem kostur gefst.

Fagnefndir sveitarfélagsins ásamt byggðarráði og starfsmönnum unnu gríðarlega mikið starf við undirbúning fjárhagsáætlunar og skoðuðu alla fjárhagslega þætti í rekstri sveitarfélagsins. Mikilvægt er að samvinna verði áfram eins og verið hefur meðal allra sem málið snertir í þeirri viðleitni að ná fram þeim markmiðum sem eru sett í áætluninni.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 er sem fyrr segir gert ráð jákvæðri afkomu á rekstri samstæðunnar og A-hluta sveitarsjóðs. Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir að afgangur verði jafnframt á rekstri bæði samstæðunnar og A-hluta á árunum 2025-2027.



Þá er gert ráð fyrir að rekstur A-hluta skili jákvæðri afkomu á næsta ári og næstu árum þar á eftir. Mikilvægt er að ná þeirri niðurstöðu strax því það á að vera markmið hvers sveitarfélags að haga fjárhagsáætlun þannig að rekstrargjöld séu fjármögnuð. Stór óvissuþáttur í rekstri A-hlutans á liðnum árum hefur verið fjármögnun ríkisins á málaflokki fatlaðs fólks en leiðrétting kom vegna þess málaflokks fyrir rétt um ári síðan og önnur leiðrétting hefur verið boðuð fyrir árið 2024. Áfram standa þó stórir liðir út af í samtali Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins varðandi fjármögnun málaflokksins og því samtali verður haldið áfram strax eftir áramót.

Helstu forsendur áætlunar:

Forsendur fjárhagsáætlunar Skagafjarðar 2024 og þriggja ára áætlunar 2025-2027 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá því í júní sl. Þar er gert ráð fyrir að meðalverðbólga á árinu 2024 verði **4,9%** og að launavísitala hækki um **5,8%**.

Þá er einnig stuðst við áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga um áætlaða staðgreiðslu fyrir tekjuárið 2023. Reiknað er með lítt breyttu atvinnustigi á árinu 2024 en þjóðhagsspá Hagstofu Íslands spáir því að atvinnuleysi hækki lítillega eða úr 3,7% á árinu 2023 og í 4% árið 2024. Miðað er við að útsvarshlutfall fyrir árið 2024 verði óbreytt á milli ára, þ.e. **14,74%** af útsvarsstofni, með þeirri hækkun sem kveðið er á um í lögum um tekjustofna sveitarfélaga á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Þó er gert ráð fyrir auknum tekjum vegna þjónustu við fatlað fólk í takt við samkomulag ríkis og sveitarfélaga sem verður trúlega útfært með sama hætti og fyrir ári síðan, þ.e. með hækkun útsvarshlutfalls sveitarfélaga gegn lækkun tekjuskattsprósentu ríkisins.

Miðað er við að tekjur frá Jöfnunarsjóði verði samkvæmt útgefnum áætlunum hans. Fasteignaskattsprósentur breytast ekki á milli ára en prósentu A-skatts var lækkuð nokkuð á árinu 2021.

Gert er ráð fyrir 4,9% almennum gjaldskrárhækkunum hjá stofnunum sveitarfélagsins á árinu 2024, líkt og fyrrgreind þjóðhagsspá frá því í júní gerði ráð fyrir í hækkun vísitölu neysluverðs á næsta ári. Er það mun minni hækkun en hjá flestum öðrum sveitarfélögum landsins á næsta ári en hækkanir þeirra endurspeglar mikla verðbólgu á árinu 2023. Rétt er að taka fram að teknar eru frá 100 m.kr. í varúðarfærslu vegna mögulegra umframlaunahækkana á næsta ári umfram það sem gert var ráð fyrir í þjóðhagsspánni frá í júní. Sú færsla er færð undir óvenjulega liði undir aðalsjóði.

Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2022-2027

	2022	2023	2024	2025	2026	2027
Einkaneysla	8,7	2,3	2,2	2,7	2,5	2,5
Samneysla	1,6	2,0	1,7	0,8	0,3	0,9
Fjármunamyndun	6,9	2,3	3,4	1,9	4,2	1,1
Atvinnuvegafjárfesting	15,2	3,5	3,7	1,6	4,8	1,3
Fjárfesting í íbúðarhúsnaði	-6,3	5,2	3,2	3,2	3,1	3,0
Fjárfesting hins opinbera	-0,9	-5,3	2,1	1,0	3,4	-2,2
Þjóðarútgjöld, alls	6,4	2,5	2,3	2,0	2,3	1,8
Útflutningur vöru og þjónustu	20,6	8,3	3,3	2,8	3,0	3,4
Innflutningur vöru og þjónustu	19,7	5,1	2,8	2,0	2,3	1,8
Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)	6,4	4,0	2,5	2,4	2,6	2,5
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,7	3,7	4,0	4,1	4,1	4,1
Vísitala neysluverðs (verðbólga)	8,3	8,7	4,9	3,0	2,6	2,5
Kaupmáttur launa	0,0	0,2	0,9	1,1	1,4	1,6
Launavísitala	8,3	8,9	5,8	4,1	4,0	4,1
Hlutfallsleg magnbreyting milli ára, þ.e. umfram verðhækkanir, nema annað sé tekið fram.						

Heimild: Hagstofa Íslands

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011


Ein meginforsenda fjárhagaáætlana sveitarfélaga er að þær skuli unnar með hliðsjón af fjármálareglum og fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga sem sett voru í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og með síðari breytingum, en þau tóku gildi í upphafi árs 2012. Í 64. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Til að fullnægja þessari skyldu er sveitarfélögum gert að fylgja eftirfarandi fjármálareglum:

- 1) **Jafnvægisregla:** Samanlögð heildarútgjöld samstæðu séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
- 2) **Skuldaregla:** Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningskilum skv. 60. gr. megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Við útreikning á skuldahlutfalli má undanskilja tekjur og skuldbindingar veitu- og orkufyrirtækja sem og að heimilt er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindingar.


Sem fyrr segir var þessum ákvæðum þó tímabundið vikið til hliðar til og með ársins 2025 sem hluti af aðgerðum til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19.

Hjá Skagafirði er skuldahlutfall heildarskulda og skuldbindinga áætlað 128,35% á árinu 2024. Ástæða hækkunar skuldahlutfalls á milli áráanna 2023 og 2024 eru hækkun lífeyris-skuldbindinga og hækkun vaxta og þar með fjármagnskostnaðar. Þegar búið er að undanskilja það sem heimilt er frá skuldum og skuldbindingum er skuldaviðmiðið 100,75%. Gert er ráð fyrir að skuldahlutfall og skuldaviðmið lækki svo á komandi árum eftir það.

Tekjur:	A- og B-hluti				
	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
	2023	2024	2025	2026	2027
Skatttekjur	3.909.758	4.125.797	4.285.079	4.460.675	4.628.323
Framlög Jöfnunarsjóðs	2.251.185	2.617.680	2.726.618	2.803.009	2.873.084
Aðrar tekjur	2.151.831	2.067.598	2.163.207	2.051.603	2.102.893
Heildartekjur	8.312.774	8.811.075	9.174.904	9.315.287	9.604.300
Skuldir og skuldbindingar:					
Skuldir og skuldbindingar	10.177.733	11.678.328	11.598.948	11.462.509	11.277.588
Lífeyrisskuldbinding	1.796.276	1.796.776	1.774.567	1.764.940	1.734.275
Skuldahlutfall:	122,43%	128,35%	122,77%	117,35%	112,01%
Skuldaviðmið:	96,58%	100,75%	94,56%	88,61%	82,96%



Sem sjá má á næstu mynd hér fyrir aftan þá er gert ráð fyrir að áfram verði haldið á þeirri ánægjulegu braut að afborganir langtímalána verði á hverju ári hærri fjárhæð heldur en sem nemur teknum nýjum langtímalánum. Slíkt er afar mikilvægt þegar rekstrarumhverfið leyfir því á verðbólgutímum getur fjármagnskostnaður lyftst verulega ef skuldir eru miklar.



Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024

Rekstur:

Áætlun ársins 2024 gerir ráð fyrir að rekstrartekjur Skagafjarðar nemi **8.811 m.kr.** hjá samstæðunni í heild, A- og B-hluta, þar af eru rekstrartekjur A hluta áætlaðar **7.759 m.kr.** Rekstrargjöld án fjármagnsliða eru áætluð **8.098 m.kr.**, þar af A-hluti **7.317 m.kr.** Rekstrarhagnaður (EBITDA) A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er áætlaður **1.005 m.kr.** eða 11,4%. Afskriftir nema **292 m.kr.** og fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **280 m.kr.** Rekstrarafgangur samstæðunnar í heild A- og B-hluta er áætlaður samtals **434 m.kr.**

Rekstrarhagnaður A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er áætlaður **616 m.kr.** Afskriftir nema **174 m.kr.** Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **197 m.kr.** Rekstrarniðurstaða A-hluta sveitarsjóðs er því áætluð jákvæð um **245 m.kr.** sem er mikill viðsnúningur frá áætlun ársins 2023.

Efnahagur:

Eignir Skagafjarðar eru áætlaðar í árslok 2024, **16.195 m.kr.**, þar af eru eignir A-hluta **12.191 m.kr.** Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar í árslok **11.648 m.kr.** Þar af hjá A-hluta **9.960 m.kr.** Eigið fé er áætlað **4.517 m.kr.** hjá samstæðunni og eiginfjárhlutfall **27,89%**. Eigið fé A-hluta er áætlað **2.232 m.kr.** og eiginfjárhlutfall **18,31%**. Ný lántaka er áætluð **550 m.kr.** hjá samstæðunni í heild og afborganir eldri lána og skuldbindinga verða **645 m.kr.** Skuldir verða því greiddar niður um **95 m.kr.** umfram lántöku á árinu 2024 sem er ánægjulegt framhald af fyrirætlunum fyrir yfirstandandi ár. Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar eru **1.797 m.kr.** hjá samstæðunni og þar af **1.642 m.kr.** hjá A-hluta.

Sjóðsstreymisfirlit:

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri A-hluta verði **583 m.kr.** og frá rekstri samstæðunnar A- og B-hluta verði það **963 m.kr.** Þá er gert er ráð fyrir að handbært fé samstæðunnar í árslok verði **164 m.kr.**


Gert ráð fyrir að sveitarsjóður og undirfyrirtæki fjárfesti á árinu 2024 fyrir **1.494 m.kr.** brúttó eða **931 m.kr.** nettó ef frá eru talin framlög frá ríki vegna hlutdeildar í hafnarframkvæmdum, stækkunar verknámshúss FNV og hönnunar nýs menningarhúss, frá Menningarsetri Skagfirðinga í Varmahlíð vegna framkvæmda við nýjan leikskóla í Varmahlíð, og Kaupfélagi Skagfirðinga vegna framlaga til samfélagslegra verkefna. Er um að ræða nær talsverða aukningu í heildarfjárfestingu á milli ára, bæði brúttó og nettó. Stærstu fjárfestingaverkefni á næsta ári er framhald framkvæmda við Sundlaug Sauðárkróks, bygging nýs leikskóla í Varmahlíð, lagfæringar á húsnæði Grunnskólans austan Vatna á Hofsósi, borun nýrrar vinnsluholu hitaveitu á Sauðárkróki, og miklar framkvæmdir við Sauðárkrókhöfn.

Með þessum miklu fjárfestingum á árinu 2024 er horft til styrkingar innviða samfélagsins og þannig að stuðlað verði að áframhaldandi eflingu þess og fjölgun íbúa.

Próun tekna:


Undanfarin ár hafa tekjur hjá sveitarfélaginu ekki haldið í við verðlagshækkanir að öllu leiti og liggur það fyrst og fremst í lækkuðum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Aðrar skatttekjur hafa aftur á móti heldur lagast m.t.t. þessa þáttar.

Skatttekjur 2011–2024



* Tölur fyrir árin 2022–2024 gilda fyrir sameinað sveitarfélag í Skagafirði.

Framlög Jöfnunarsj. 2011–2024 (án framl. vegna mál. fatlaðs fólks og sameiningarframl.)



* Tölur fyrir árin 2022-2024 gilda fyrir sameinað sveitarfélag í Skagafirði.

Almenn útgjöld

Launakostnaður

Launakostnaður er áætlaður samtals **5.202 m.kr** á árinu 2024 og er það 13,8% hækkun frá áætlun ársins 2023, með viðaukum. Rétt er þó að taka fram að fyrirséð er að bæta verður við einum viðauka á árinu 2023 vegna kjarasamningsbundinna hækkana á lægstu launaflokka á síðustu mánuðum ársins 2023.

Á árinu 2024 er gert ráð fyrir að afborganir vegna lífeyrisskuldbindinga nemi **93 m.kr.** og hækkun skuldbindinganna verði **62 m.kr.** frá árinu 2023.


Rekstur málaflokka:

Eins og áður taka fræðslu- og uppeldismálin til sín langstærstan hluta skatttekna í áætlun ársins. Málaflokkurinn tekur til sín hlutfallslega lægra hlutfall á árinu 2024 en á yfirstandandi ári eða 45,6% á móti 47,1% árið 2023. Þá var hlutfallið 48,6% í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Þetta hlutfall var þó talsvert lægra árin 2019 og 2020 eins og sjá má í töflu hér á eftir sem sýnir þróun málaflokka sem hlutfall af skatttekjum. Jafnframt ber að hafa í huga að frá og með árinu 2017 hafa tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks verið taldar með skatttekjum. Áður voru þessi framlög tekjufærð innan málaflokks 02-félagsmál. Hefur þessi breyting áhrif á allan samanburð þegar verið er að skoða hlutfall rekstrarkostnaðar af skatttekjum. Einnig er rétt að hafa í huga að hlutfallsprósentan breytist eftir því hvort aðalsjóður skilar afgangi eða er rekinn í halla. Í töflunni er nú einnig bætt við hlutfallslegum kostnaði vegna lífeyrisskuldbindinga, óvenjulegra liða og fjármagnsliða sem hefur áhrif á heildarskiptingu málaflokkanna.

Næststærsti málaflokkurinn er félagsmál sem taka til sín 21,8% af skatttekjum á móti 20,3% árið 2023. Hafa ber í huga að Akrahreppur var með almenna félagsþjónustu á sinni könnu fyrir sameiningu sveitarfélaganna í Skagafirði og því náði samstarfssamningur gömlu

sveitarfélaganna ekki til þess málaflokks. Hlutfall þriðja stærsta málaflokksins, æskulýðs- og íþróttamála, er lítið breyttur á milli ára, fer úr 11,1% í 10,1%.

Í fjárhagsáætlun ársins 2024 er gert ráð fyrir að samstarf sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um sameiginlegt þjónustuvæði um þjónustu við fatlað fólk haldi áfram. Í samstarfinu felst að Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag sem veitir fötluðu fólki, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögum, þjónustu eins og nánar er kveðið um í samningi og samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, á starfssvæðinu. Þetta þýðir að allar tekjur frá Jöfnunarsjóði sem ætlaðar eru til þessa málaflokks sem og 0,47% af útsvarsstofni sveitarfélaga á svæðinu, renna til Skagafjarðar. Því miður er fjarri því að gert sé ráð fyrir að tekjur frá ríki og sveitarfélögum dekki allan kostnað við samninginn sem aftur leiðir til þess að útgjöld við málaflokkinn hækka. Er staða málefna fatlaðs fólks grafalvarleg á landsvísu og ljóst að styrkja þarf tekjustofna þar verulega eigi ekki illa að fara í rekstri margra sveitarfélaga. Gleðilegt er að nokkur leiðrétting blasir við á næsta ári en eigi að síður dugar hún ekki til að fjármagna reksturinn, auk þess sem kostnaðarsamar réttindabætur eru framundan. Þess má einnig geta að frá upphafi árs 2023 varð Skagafjörður leiðandi sveitarfélag í barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands, þ.e. í samstarfi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Fjallabyggðar.



Þróun málaflokka sem hlutfall af skatttekjum:

Málaflokkar	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Félagsmál	5,6%	6,1%	6,40%	6,60%	6,7%	6,8%	7,0%	16,9%	18,8%	19,1%	20,0%	21,1%	21,0%	20,3%	21,8%
Heilbr.mál	0,6%	0,6%	0,60%	0,00%	0,0%	0,0%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
Fræðslumál	57,9%	61,8%	61,60%	57,50%	55,2%	57,0%	57,7%	50,9%	47,3%	44,3%	43,1%	48,6%	47,3%	47,1%	45,6%
Menn.mál	5,5%	5,4%	5,60%	5,60%	5,2%	5,7%	5,1%	4,6%	4,3%	4,2%	4,1%	4,4%	4,0%	3,8%	3,0%
Æskul og íþrm	12,4%	12,2%	12,10%	11,40%	11,8%	11,3%	11,4%	9,9%	9,5%	9,4%	9,6%	11,0%	11,7%	11,1%	10,1%
Brunamál	2,4%	2,3%	2,80%	2,60%	2,3%	2,3%	2,5%	1,9%	1,9%	2,0%	2,0%	2,2%	2,2%	2,2%	1,8%
Hreinl.mál	1,1%	1,1%	1,30%	1,60%	1,9%	1,7%	1,3%	1,1%	1,1%	1,2%	1,1%	1,0%	0,5%	0,4%	0,1%
Skipul.mál	2,0%	2,1%	1,90%	2,00%	1,8%	1,7%	1,6%	1,6%	1,7%	1,6%	1,8%	1,5%	1,7%	1,7%	1,6%
Umf. og samg.mál	2,8%	2,5%	2,50%	2,50%	2,6%	2,8%	2,8%	2,6%	2,7%	2,6%	2,6%	3,0%	3,2%	3,1%	2,8%
Umvh.mál	2,4%	2,5%	2,50%	2,40%	2,5%	2,6%	2,7%	2,3%	2,1%	1,9%	1,9%	2,2%	2,4%	2,3%	2,1%
Atvinnumál	2,1%	1,8%	2,20%	1,90%	1,9%	2,1%	2,3%	2,0%	2,0%	2,2%	2,5%	2,2%	2,1%	2,2%	1,8%
Sam.kostnaður	8,8%	7,7%	9,40%	8,60%	9,2%	7,7%	8,0%	6,3%	6,5%	6,3%	6,4%	6,5%	6,7%	6,3%	5,6%
Lífeyrisskuldbinding															1,5%
Óvenjulegir liðir															1,5%
Fjármagnsliðir															0,8%

* Frá og með árinu 2017 hafa tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks verið taldar með skatttekjum. Áður voru þessi framlög tekjufærð innan málaflokks 02-félagsmál. Hefur þessi breyting áhrif á allan samanburð þegar verið er að skoða hlutfall rekstrarkostnaðar af skatttekjum. Þá sameinuðust sveitarfélögin tvö í Skagafirði á árinu 2022 sem rétt er að hafa í huga varðandi samanburð á milli ára.

Fjárfestingar og framkvæmdir:

Áætlað er að fara í nýframkvæmdir á árinu 2024 fyrir **1.494 m.kr.** Ef dregin eru frá mótframlög frá ýmsum aðilum svo sem að framan segir, nemur nettó fjárhæð til fjárfestinga á árinu 2024 **931 m.kr.** Skiptast þær þannig að áætlað er að framkvæmt eða fjárfest verði hjá eignasjóði fyrir **616 m.kr.**, hafnarsjóði fyrir **123 m.kr.**, fráveitu fyrir **12 m.kr.**, vatnsveitu fyrir **35 m.kr.** og hjá hitaveitu fyrir **145 m.kr.** Gert er ráð fyrir sölu eigna að upphæð **180 m.kr.** þannig að segja má að nettó fjárfestingar að frádregnum sölu eigna muni nema 751 m.kr. á árinu 2024.

Fjárfestingar og framkvæmdir:	
Eignasjóður	615.500
Fráveita	12.000
Hitaveita	145.000
Vatnsveita	35.000
Hafnarsjóður	123.200
Fjárfestingar og framkvæmdir alls	930.700

Auk fyrrgreindra fjárfestinga er gert er ráð fyrir að verja rekstrarmegin um **154 m.kr** í viðhald eigna Eignasjóðs sem er um 14 m.kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.

Að lokum er rétt að nefna það að íbúapróun hefur verið sveitarfélaginu hagfelld á undanförunum árum og má í þeim efnum geta fréttar á heimasíðu Þjóðskrár Íslands frá 12. desember sl. Þar kemur fram að íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað um 145 undanfarin 4 ár og þar af um 69 á undanförunum 12 mánuðum. Gleðilegt er einnig að vita til þess að frá 1. janúar 2018 til 1. janúar 2023 fjölgaði íbúum í öllum pósnúmerum í Skagafirði, hvort sem um var að ræða í dreifbýli eða þéttbýli. Að mínu mati sýnir þetta að mikil tækifæri eru til

áframhaldandi vaxtar og er það trú mín að jákvæð íbúabróun verði áfram beri okkur gæfa til að vinna áfram að skynsamlegri uppbyggingu innviða samfélagsins.

Greinargerð þessi er sett fram til glöggvunar við yfirferð fjárhagsáætlunar. Ég vil í lok hennar færa samstarfsfólki mínu, sviðsstjórum, aðalbókara, starfsfólki í bókhaldi og öðrum starfsmönnum, kjörnum fulltrúum, fagnefndum og byggðarráði, auk sveitarstjórnar, kærar þakkir fyrir gott samstarf við þá vinnu sem að baki er, sem hefur lagt grunninn að fjárhagsáætlun Skagafjarðar næstu árin.

Sauðárkróki 13. desember 2023

Sigfús Ingi Sigfússon,
sveitarstjóri